

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 65/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (endursamin) ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/48/EB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/49/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 93/6/EBE, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum ⁽⁵⁾.
- 6) Tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB eru endursamdar útgáfur gerðanna sem felldar eru úr gildi og ber því að viðhalda að hluta núverandi aðlögunarákvæðum vegna síðarnefndu gerðanna í EES-samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. 14. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB) hljóði svo:

„**32006 L 0048**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) (Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1).

Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í viðaukum við aðildarlögin frá 16. apríl 2003 að því er varðar Kýpur (2. kafli VII. viðauka), Ungverjaland (2. liður 2.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 49, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1.

kafla X. viðauka), Pólland (2. liður 3. kafla XII. viðauka) og Slóveníu (4. liður 3. kafla XIII. viðauka) í tengslum við tilskipun 2000/12/EB, að breyttu breytanda.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í 2. gr.:

„– á Íslandi „Byggingarsjóðir ríkisins“.“

b) 2. mgr. 10. gr. hljóði svo:

„Samningsaðila er heimilt að gefa leyfi til áframhaldandi rekstrar lánastofnana sem fyrir voru 1. janúar 1994, enda þótt eiginfé þeirra nái ekki þeim stofnfjármörkum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 9. gr. Eiginféð má þá ekki verða minna en sem nemur hæsta gildi þess frá 2. maí 1992 að telja.“

c) Ákvæði 2. og 3. mgr. 38. gr. gilda ekki.

d) Hvenær sem samningsaðili tekur þá ákvörðun að stofna til viðræðna samkvæmt 39. gr. tilskipunarinnar skal það tilkynnt sameiginlegu EES-nefndinni. Samningsaðilar skulu hafa með sér samráð um aðgerðir á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar hvenær sem gagnkvæmir hagsmunir eru í húfi.“

2. 31. liður (tilskipun ráðsins 93/6/EBE) hljóði svo:

„– **32006 L 0049**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 (Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í stað orðanna „tilkynningardag samkvæmt tilskipun 93/6/EBE“ í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. komi orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94, en í henni er kveðið á um innfellingu tilskipunar 93/6/EBE í samninginn“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Alan Seatter

formaður.